

Umbætur í Lundarskóla

YTRA MAT – UMBÓTAÁÆTLUN

Umbætur í Lundarskóla vegna ytra mats 2020

Innihald

Inngangur	2
Ytra mat	2
Umbótaáætlun	4
Staða á framkvæmd umbóta í Lundarskóla vor 2021	10

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram upplýsingar í tengslum við umbætur í Lundarskóla skv. umbótaáætlun sem var gert í kjölfar ytra mats Námsmatsstofnunar vor 2020.

Umbótaáætlunin sem unnið var eftir skólaárið 2020 – 2021 var gerð í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofnunar vor 2020 á stjórnun, námi og kennslu og innra mati. Matið var hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Áætlunin var byggð á upplýsingum úr skýrslu Svanfríðar Jónasdóttur og Þórdísar Hauksdóttir matsaðila sem kom út í apríl 2020.

Umbótaáætlunin var unnin af matsteymi skólans sem fylgdi einnig áætluninni eftir. Umbótaáætlunin verður endurskoðuð og uppfærð í ágúst 2021 í tengslum [langtíma áætlun Lundarskóla](#) um innra og ytra mati skv. menntastefnu Akureyrar.

Hér neðar í skjalinu má sjá umbótaáætlunina sem unnið var eftir og samantekt á stöðu skólans skv. umbótaáætlun og innra mati skólans.

Matsteymi Lundarskóla: Elías Gunnar Þorbjörnsson, Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, Marianna Ragnarsdóttir, Margrét Rún Karlsdóttir, Kristín Björnsdóttir Jensen, foreldrar og nemendur úr skólaráði Lundarskóla

Kvarði ytra mats:

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólstarfi í Lundarskóla í mars 2020. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólstarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá [hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Lundarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2020 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk Lundarskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LÍÓSGRÆNT/ GULT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Umbótaáætlun

1. Stjórnun og fagleg forysta							
Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Uppfæra skólanámskrá og sjá til þess að allir hlutar hennar séu birtir á heimasíðu skólans	Skipta námskrá á milli teyma, lesa yfir og samræma. Gera samfellu á milli árganga í námi og kennslu. Birta skólanámskrá á nýrri heimasíðu	Skólastj.	September 2020	Apríl 2021	Sjálfsmat teyma og stjórnenda	Allar námskrár yfirfarnar
Heimasíða skólans	Gera heimasíðu skólans aðgengilegri fyrir alla sem koma að skólasamfélaginu	Kaupa sérfræðiaðstoð við gerð á heimasíðu	Skólastj.	Ágúst 2020	Desember 2020	Aðgengileg heimasíða	Ný heimasíða tekin í notkun
Starfsáætlanir	Uppfæra starfsáætlanir árganga sem eru hluti starfsáætlun skólans	Skipta starfsáætlun árganga á milli teyma, lesa yfir og gera samfellu í starfi/kennslu kennara	Skólastj.	Ágúst 2020	Október 2020	Sjálfsmat teyma og stjórnenda	Allar starfsáætlanir yfirfarnar
Verklagsreglur og varðveiting gagna	Skrá verklag um hvernig gögn, s.s. kannanir og skimanir um árangur og líðan, eru nýtt í skipulagi kennslu til eflingar starfsins	Gera rafrænt skipulag sem heldur utan um gögn nemenda í gegnum skólagönguna svo hægt sé að skoða framfarir á milli ára hjá nemendum og skipuleggja nám, kennslu og líðan nemenda út frá gögnum	Teymi sérkennara	Október 2020	Áætluð lok júní 2022	Mat lagt á rafrænt skipulag og skráningarkerfi	Rafrænt kerfi tilbúið til að halda utan um gögn

Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Samstarf heimila og skóla (m.a. haustkynningar, foreldraviðtöl, samstarf við skólaráð og fl.)	Leita leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfs og auka samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun í skólanum	Viðvarandi samstarf við foreldra- og skólaráð um eflingu skólastarfs. Ásamt samstarf við nemendaráð um einstaka þætti við stefnumótun skólans	Skólastj.	Viðvarandi	Áætluð júní 2022	Fara með mál á fundi með foreldra-, skóla og nemenda-ráðu m. Samstarf við foreldra í gegnum viðtöl, kynningar og fl.	Ánægðir foreldrar skv. skólapúls 80% almenn ánægja og foreldra bera traust til skólans, 80% foreldra mæta á kynningar og í foreldraviðtöl
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Samstarf stjórnenda við aðila sem tengjast óbeint starfsemi skólans á einhvern hátt	Móta þarf, í samvinnu við Akureyrarbæ, skýrar verklagsreglur um þagnarskyldu verktaka og annarra sem starfa um stundarsakir í skólanum. Sú ábending kom einnig fram við ytra mat 2012	Gera verklagsreglur og eyðublöð sem utanaðkomandi aðila skrifa undir þegar þeir starfa við grunnskóla	Skólastjóri / fræðslustjóri	Júní 2020	Júní 2021	Undirskrift einstaklinga sem starfa við skólann á einhvern hátt skrifa undir ákveðin plögg	Allir sem starfa á einhvern hátt við skólann skrifa undir slík plögg
Skólahúsnæði	Auka rými og aðbúnað nemenda í húsnæði skólans	Endurskipuleggja, hanna og endurbæta skólahúsnæði	Fasteignir skólastj, fræðslustjóri fræðslunefnd	Ágúst 2020	Ágúst 2022	Framkvæmdir, viðhald á skólahúsnæði	Endurgert húsnæði skólans
Leiðtogahefni stjórnenda og starfsmanna.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi við að skilgreina stefnu og sýn skólans	Móta og skilgreina heildstæða stefnu skólans og lyfta sér stöðu hans upp á ýmsum sviðum	Rýnihópar starfsfólks og fara yfir og skilgreina fyrir hvað skólinn stendur. Heilsueflandi, teymiskennslu, SMT, Ábyrgð – virðing - vellíðan	Skólastj.	Desember 2020	Júní 2022 (Lokið að hluta vor 2021)	Skriflega skilgreining á öllum þáttunum	Lokið að skilgreina alla þættina (100%) og kynna niðurstöður á starfsmannafundi
---	---	---	-----------	---------------	-------------------------------------	---	---

2. Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lykilhæfni í námi nemenda	Tengja grunnþætti menntunar og hvernig unnið er með lykilhæfni við áætlanir um nám nemenda	Gera námslotur og tengja lykilhæfni inn í þær. Meta lykilhæfni og ræða í viðtölum við nemendur og foreldra	Kennarar	September 2020	Maí 2021	Námslotur og námsmat og vitöl	Lykilhæfni tengist inn í námslotur og námsmat
Skipulag náms	Birta nánari útfærslu námsvísa sem finna má á Mentor, á heimasíðu skólans	Yfirfara námsvísa á Mentor	Kennarar	September 2020	Janúar 2021	Námsvísir sýnilegur og yfirfarinn	Birting á nýrri heimasíðu
Námsaðlögun	Námsaðlögun þarf að koma betur fram í námsvísunum	Yfirfara námsvísir, sérþarfa yfirlit og gera einstaklingsnámskrár	Teymi sérkennara	September 2020	Lifandi skjal allt skólaárið	Einstaklingsnámskrá fyrir þá sem þurfa og í öllum greinum	Einstaklingsnámskrár og skipulag um námsaðlögun
Námsmat og viðmið	Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum á	Yfirfara skólanámskrá og birta námsmatskvarða	Stjórnendur	September 2020	Nóvember 2021	Birta viðmið um námsmat í skólanámskrá	Skóla-námskrá á birt á heimasíðu

	Mentor en því mætti gera betur skil í skólanámskrá						
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Tækifæri í námi	Gæta þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi sem og aðrir nemendur	Rýna í nám og kennslu og fá leiðsögn um kennsluaðferðir	Kennarar og skólastjórnendur, MSHA	September 2020	Vor 2021	Matstæki um þróun skólastarfs GÓG	4.-5. stig (3 og 5) í matslistum GÓG sem tengjast námsumhverfi og skipulagi náms
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sveigjanlegt námsumhverfi	Sameiginlegur salur skólans er lítill og rúmar ekki alla nemendur skólans og bæta mætti aðstöðu nemenda á unglingastigi til samveru í frímínútum	Endurbætur á skólahúsnæði	Fasteignir Akureyrar, skólastjóri, fræðslustjóri, fræðslunefnd	September 2021	Vor 2023	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi Matstæki um þróun skólastarfs GÓG	Endurbætur á skólahúsnæði 4.-5. stig (3 og 5) í matslistum GÓG sem tengjast námsumhverfi og skipulagi náms
Val nemenda í námi	Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber	Skipulag í stundatöflu, nýta áhugasviðsverkefni betur	Stjórnendur og kennarar	September 2021	Júní 2022	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi	100% valgreinar skv. viðmiðunar-st undatöflu Valtímar í stundatöflu/lotum á mið-

							og unglíngastigi
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði í námi	Þjálfar nemendur markvissar í að koma skoðunum sínum á framfæri	Hafa umræðufundi, bekkjarfundi og kaffihúsafundi m/fulltrúum úr nemendaráði	Umsjónarkennarar og kennari í nemendaráði	September 2020	Júní 2022	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi Matstæki um þróun skólafarfs GÓG	Aukið nemendalýðræði í skólastarfi 4.-5. stig (4) í matslistum GÓG sem tengjast námi nemenda
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Betri líðan, þátttaka og ábyrgð nemenda í skólastarfi	Halda bekkjarfundir reglulega í öllum námshópum	Halda bekkjarfundi a.m.k. 2 x í mánuði eða vikulega	Umsjónarkennarar	September 2020	Júní 2021	Matstæki um þróun skólafarfs GÓG	4.-5. stig (4) í matslistum GÓG sem tengjast námi nemenda Bekkjarfundir a.m.k. 2x í mánuði

3. Innra mat							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fagmennska starfsfólks	Þróa áfram vinnubrögð við mat á kennsluháttum og fagmennsku kennara	Aðlaga og nýta markvisst staðlaða gátlista um mat á kennsluháttum	Gæðaráð	Febrúar 2021	Maí 2021	Matstæki um þróun skólastarfs GÓG, matstæki frá fræðsluviði í tengslum við nýja menntastefnu Akureyrar	Gátlisti nýttur af öllum teyllum og niðurstöður ræddar
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Matsnefnd/teymi	Hafa starfandi matsteymi sem aðilar skólasamfélagsins eiga aðild að. Sú ábending kom einnig fram við ytra mat 2012	Stofna gæðaráð í skólanum sem sér heldur utan um mat og umbætur. Aðilar úr röðum starfsfólks, nemenda, foreldra	Skólastj.	Ágúst 2020	Júní 2021	Starfandi gæðaráð	Virkt gæðaráð
Skipulag á umbótum	Vinna að formlegri umbótaáætlun þar sem gerð er betri grein fyrir hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvaða markmiðum er stefnt að og hvenær og hvernig árangur er metinn	Umbótaáætlun út frá ytra mati og í samræmi við nýja skólastefnu Akureyrar	Gæðaráð	Nóvember 2020	Júní 2021	Form á umbótaáætlun	Umbóta-áætlun

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Markmið og viðmið á umbótum	Tilgreina markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru	Gera umbótaáætlun að vori sem tekur mið af aðgerðum og viðmiðum sem ekki hafa náðst	Gæðaráð	Júní 2021	Júní 2021	Fara yfir og meta stöðuna á umbótaáætlun ársins á undan	Tilbúin umbóta-áætlun fyrir næsta skólaár

Staða á framkvæmd umbóta í Lundarskóla vor 2021

Samkvæmt umbótaáætlun Lundarskóla var unnið að umbótum sem tóku mið af bættu skólastarfi í tengslum við stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu ásamt innra mati. Hér fjallað nánar um stöðuna í hverjum þætti.





Fagleg forysta

Samvirkni og stefnumótun

- Skólanámskrá Lundarskóla var uppfærð og áhersla var lögð á samfellu milli árganga í námi og kennslu. Í námskránni koma fram áherslur í tengslum við grunnþætti menntunar, lykilhæfni í skólastarfi, viðmið um námsmat og námsvísir fyrir hvern árgang fyrir sig í öllum greinum. [Hér má sjá skólanámskrána \(Námsvísir Lundarskóla\)](#) eftir umbætur. (Lokið) Umbætur hófust í september 2020 og lokið í nóvember 2020.
- Heimasíða Lundarskóla var uppfærð og ný heimasíða leit dagsins ljós í desember 2020. [Hér má sjá nýja heimasíðu Lundarskóla.](#) (Lokið)
- Starfsáætlanir árganga voru uppfærðar og settar inn í starfsáætlun skólans. Allar starfsáætlanir árganga voru endurskoðaðar og uppfærðar. (Lokið) Umbætur hófust í ágúst 2020 og lokið í október 2020. [Hér er starfáætlun Lundarskóla.](#)
- Verklagsreglur og varveiting gagna í Lundarskóla voru settar í ferli. Í Lundarskóla tók til starfa nýr verkefnastjóri sérkennslu í Lundarskóla og sem heldur utan um gögn og skipulag um sérkennslu í skólanum. Verkefnastjórinn stýrir vinnu sérkennarateymis skólans og á næstu misserum verður unnið að rafrænu skipulagi sem heldur utan um gögn nemenda í gegnum skólagönguna svo hægt verð að skoða framfarir á milli ára hjá nemendum og skipuleggja nám, kennslu og líðan nemenda út frá gögnum. Þetta verkefni er í ferli. Upphaf verkefnisins var að ráða verkefnastjóra sérkennslu. Umbætur hófust í ágúst 2020 og mun þeim ljúka í júní 2022. (Ólokið)

Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- Samstarf heimila og skóla. Lögð var áhersla á að virkja skóla- og nemendaráð Lundarskóla sem best. Skólaárið 2020 - 2021 var mikið samstarf við hagsmunaaðila skólans og þá sérstaklega í tengslum við skólahúsnæði og aðbúnað í skólanum. Þetta samstarf er og verður viðvarandi næstu misseri þar sem miklar umbætur eiga sér stað á húsnæði og búnaði skólans. Næstu misseri verður unnið að umbótum í tengslum við foreldraviðtöl, haustkynningar og fl. þar sem þörfum foreldra verður mætt skv. niðurstöðum úr könnun foreldra í tengslum við þessa þætti. Umbætur hófust á vordögum 2020 og mun ljúka í júní 2022. (Ólokið)
Hér eru niðurstöður sem unnið verður út frá í tengslum við könnun foreldra varðandi viðtöl.

Ég fór í viðtal í eftirfarandi þekk:
194 svörHverjir mættu í viðtalið?
194 svörHvort hentar þér betur?
194 svörHvort telur þú að henti barninu þínu betur?
194 svör

Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

- Samstarf stjórnenda við aðila sem tengjast óbeint starfsemi skólans á einhvern hátt er ábótavant. Gera þarf skýrar verklagsreglur sem tengjast þagnarskyldu verktaka, og annarra sem starfa um stundarsakir í skólanum. Miklar framkvæmdir eru í skólanum á vegum Fasteigna Akureyrar og óljóst er hvaða verklagsreglum er fylgt og hver ber ábyrgð á þeim. Þetta mál er ekki komið í ferli. (Ólokið)
- Umbætur á skólahúsnæði Lundarskóla eru í ferli. Unnið er að endurbótum á húsnæði skólans í tengslum við myglu sem kom upp í skólanum. Farið var í endurhönnun á húsnæðinu í samræmi við þarfir í tengslum við nám og kennslu á 21. Öldinni. Einnig var tekið mið af nýrri menntastefnu Akureyrar við hönnun á húsnæðinu og búnaði skólans. Umbætur hófust í júní 2020 og áætluð verklok eru í júní 2022. (Ólokið)

Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi við að skilgreina stefnu og sýn skólans. Búið er að skilgreina skólasýn Lundarskóla og einkunnarorð skólans, Ábyrgð – virðing – vellíðan. Setja á heimasíðu skólans og kynna fyrir nemendum. Ferlið hófst í janúar 2021 og er í ferli. Á næsta skólaárið þarf að gera ítarlegri skilgreiningu á því hverju skólinn stendur fyrir. [Hér á forsíðu heimasíðu skólans má sjá skilgreiningu á skólasýn Lundarskóla.](#) (Ólokið)

Nám og kennsla

Inntak og námskrá

- Lykilhæfni í námi nemenda var metin fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar sl. og er tengd inn í lotur í Mentor. Námsmat tengt lykilhæfni er sýnilegt nemendum og foreldrum í Mentor (Lokið)
- Skipulag náms og markmið í námi tengjast inn í Mentor. Námsmarkmið voru yfirfarin í samræmi við [námsvísi Lundarskóla](#) sem er á heimasíðu skólans. Markmiðin eru metin reglulega í lotum inni í Mentor og eru sýnileg nemendum og foreldrum. Þessi vinna er unnin jafnt og þétt yfir skólaárið skv. [starfsáætlun skólans](#). (Lokið)
- Námsaðlögun í Lundarskóla er í ferli. Verkefnastjóri sérkennslu stýrir starfinu sem tengist námsaðlögun og sérkennslu og stýrir sérkennsluteyminu. Áhersla í vetur hefur tengst einstaklingsnámskrám sem eru gerðar í Mentor eftir þörfum nemenda. Næsta verkefni sem tengjast námsaðlögun er að setja skýra stefnu og starfshætti inn í starfsáætlun skólans og fylgja eftir. (Lokið að hluta/í vinnslu)
- Námsmat og viðmið um námsmat eru birt í [námsvísi Lundarskóla](#) á heimasíðu skólans. (Lokið)

Umbætur á öllum fjórum þáttum hófust í september 2020.

Gæði kennslu

- Tækifæri í námi nemenda hefur aukist í Lundarskóla samhliða starfsþróun og endurmenntun kennara. Rýnt var í nám og kennslu með matstæki um þróun skólastarf GÓG til hliðsjónar. Einnig var fengin leiðsögn í kennsluaðferðum frá MSHA. Starfsþróun og endurmenntun hófst í september 2020 og lokið í maí 2021. (Lokið)

Skipulag náms

- Sveigjanlegt námsumhverfi og aðstaða nemenda í Lundarskóla er ábótavant að svo stöddu en unnið er að úrbótum. Unnið er að framkvæmdum við skólahúsnæðið þar sem hönnun, búnaður og framkvæmd tekur mið af þörfum nemenda, stefnu skólans og menntastefnu Akureyrar og með tilliti til fjölda nemenda við skólann. Aðstaða til náms og félagsstarfs verður bætt til muna. Umbætur hófust í júní 2020 og áætluð verklok eru í júní 2021. (ólokið/í vinnslu)
- Val nemenda í námi er í þróunarferli þar sem unnið er að skipulagi fyrir næst skólaár þar sem nemendur á unglingsstigi fá aukið val sem tengist áhugasviðsverkefnum, íþróttum og list- og verkgreinum. Á vordögum var byrjað að þróa val nemenda á miðstigi sem tengjast áhugasviði nemenda. Umbætur hófust í mars 2021 og lýkur vor 2022 (Ólokið)

Námsvitund

- Lýðræði í námi er í ferli. Nemendur eru nú mjög virkir í skólaráði og nemendaráði skólans. Skv. Matstæki um þróun skólastarfs GÓG og menntastefnu Akureyrar þarf skólinn að leggja en meiri áherslu á lýðræði í skólastarfi. Styðja þarf betur við þróun á þessum þætti. Umbætur varðandi skólaráð og nemendaráð hófust í ágúst 2020. (Ólokið)

Ábyrgð og þátttaka

- Betri líðan, þátttaka og ábyrgð nemenda í skólastarfi er í framþróun. [Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi í Lundarskóla](#) var endurskoðuð og uppfært haust 2020 af eineltis- og lausnateymi skólans. Þar er kveðið á um bekkjarfundi til að stuðla að betri líðan, þátttöku og ábyrgð nemenda í skólastarfi ásamt fl. Umbætur að bættu skipulagi og umgjörð varðandi þennan þátt hófst í september 2020 og lauk í febrúar 2021. (Lokið)

Innra mat

Skipulag

- Fagmennska starfsfólks er í framþróun með stuðningi/leiðsögn frá MSHA í tengslum við kennsluhætti og teymisvinnu. Skipulögð fræðsla, stuðningur og leiðsögn er í ferli. Starfsþróun og umbætur hófust í september 2020 og verða í ferli til vors 2022. (Lokið að hluta/í vinnslu næsta skólaár)

Framkvæmd

- Matsnefnd/teymi í Lundarskóla var stofnað í ágúst 2020 og kallast teymið Gæðaráð. Í Gæðaráði sitja fulltrúar skólastjórnenda, kennara, aðili úr röðum starfsfólks. Einnig koma nemendur úr nemendaráði og foreldraráði að ráðinu eftir þörfum. Gæðaráðið heldur utan um mat og umbætur í skólanum skv. langtímaáætlun um innra mat skólans. Einnig er teymið að fá leiðsögn frá aðilum sem starfa á vegum fræðslusviðs Akureyrar um innleiðingu í nýrri menntastefnu Akureyrar, framþróun í skólastarfi og mati. Núverandi Gæðaráð hóf störf í september 2020 og starfar saman til vors 2022. (Lokið, Gæðaráð heldur áfram störfum næsta skólaár)
- Skipulag á umbótum er í höndum Gæðaráðs í samstarfi við teymi/starfsfólk innan skólans. Gerir umbótaáætlun út frá ytra og innra mati og starfar í samræmi við nýja menntastefnu Akureyrar. (Lokið, Gæðaráð heldur áfram störfum næsta skólaár)

Umbætur

- Markið og viðmið á umbótum fyrir skólaárið 2021 – 2022 er í vinnslu. Tekið verður mið af umbótaáætlun skólans vegna ytra mats vor 2020, innra mati skólans vor 2021 og nýrri menntastefnu Akureyrar. Umbótaáætlun verður tilbúin í júní 2021. (Ólokið/í vinnslu)